

Umhverfisstofnun
Anna Kristín Ólafsdóttir
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 09. maí 2011
2011040030/42-0
JGO/TB

Breyting á mörkum friðlands við Varmárosa, Mosfellsbæ

Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 19. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um breytingu á mörkum friðlands við Varmárosa í Mosfellsbæ. Ástæða þess að verið er að breyta mörkunum að hluti skeiðvallar er innan friðlandsins.

Sjávarfitjar njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd auk þess sem votlendi almennt hafa mikið verndargildi en Ísland hefur skuldbundið sig bæði í stefnumörkun ríkisstjórna s.s. í Velferð til framtíðar og með undirritun Ramsarsamningsins að vernda votlendi sem lykilvistkerfi. Friðlandið við Varmárosa hefur þá sérstöðu að þar er annar tveggja fundarstaða fitjasefs á Íslandi. Fitjasef fannst fyrst árið 1976 í Varmárosum. Árið 2002 fannst fitjasef einnig við Knarrarnes á Svalbarðsströnd við Eyjafjörð og eru þetta einu þekktu fundarstaðir plöntunnar á Íslandi. Fitjasef var friðlýst með auglýsingu nr. 184/1978 í Stjórnartíðindum og í samræmi við lög nr. 47/1971 um náttúruvernd og er á válista Náttúrufræðistofnunar (VU þ.e. Í yfirvofandi hættu).

Náttúrufræðistofnun Íslands fylgist með tegundum sem eru á válista. Sumarið 2002 fóru Hörður Kristinsson, Eva G. Þorvaldsdóttir og Björgvin Steindórsson og könnuðu ástand fitjasefsins. Hörður fór einnig um svæðið sumarið 2006. Í Varmárosum vex fitjasef á flatlendi á sjávarfitjum, undir efstu flóðmörkum sjávar. Það myndar þar samfelldar breiður á tveimur stöðum innan um túnvingul, sjávarfitjung og skriðlíngresi. Annað vaxtarsvæðið er aflangt og hálfmánalaga, um 55 m á lengd og 10 m á breidd. Hitt, sem er lítið eitt norðar við bakka Varmár eftir að Kaldakvísl hefur sameinast henni, er um 25 m langt og 4–5 m breitt. Staðsetning fundarstaða fitjasefs eru skráðir í gagnagrunna Náttúrufræðistofnunar. Ekki var kannað sérstaklega hvort fitjasef væri að finna norðan Varmár fyrir utan friðlandið. Einnig má finna lýsingu á fundarstöðum í Náttúrufræðingnum 1977 (Arnþór Garðarsson 1977).

Friðlandið við Varmárosa var stofnað árið 1980 en friðlýsingin var endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 506/1987. Varmá er einnig á náttúruminjaskrá frá upptökum til ósa, enda ein fárra ylvolgra áa á landinu. (Náttúruminjaskrá 1996).



Náttúrufræðistofnun Íslands telur ekki að framangreindar breytingar á mörkum friðlandsins við Varmárósa hafi áhrif á verndargildi þess.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

